



Nefndarþing Alþingis
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn um mál nr 424, frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl).

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vill koma á framfæri sjónarmiðum sínum í umsögn sinni um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl.), þingskjal 671, mál 424.

Á Íslandi eru starfandi um 1000 slökkviliðsmenn, af þeim eru rúmlega 400 sem eru í fullu starfi og sinna þá flestir einnig sjúkraflutningum. Þeir einstaklingar sem sinna þessum störfum eru útsettir fyrir starfsumhverfi sem vísindalega hefur verið sannað að auki líkur á heilsubresti þá sérstaklega ákveðnum gerðum krabbameina.

Slökkviliðsmenn eru allt að tvöfalt líklegri til að fá ákveðnar gerðir krabbameina.¹

Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) telur brýnt að þeir atvinnutengdu sjúkdómar sem vísindalegar rannsóknir hafa staðfest að slökkviliðsmenn séu útsettir fyrir séu viðurkenndir í lögum og einstaklingum sé tryggður bótaréttur vegna þeirra.

Á vef Alþjóða vinnumálastofnunarinnar ILO er vísað í ritrýnda grein úr Nature² þar sem rýnt er í rannsóknir á atvinnutengdum krabbameinum hjá slökkviliðsmönnum. Einnig hefur Vinnuverndarstofnun Evrópu birt stóra samantekt á rannsóknum á atvinnutengdum krabbameinum³.

LSS skorar á stjórnvöld að rýna niðurstöður þessara rannsókna en einnig LeMasters⁴ rannsóknina sem inniheldur viðamikla tölfræði um einstaka þætti. Mikilvægt er að fara í vinnu við að tryggja að þeir starfsmenn slökkviliða sem greinast með krabbamein

¹ <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.1081.4412&rep=rep1&type=pdf>

²

https://labordoc.ilo.org/discovery/fulldisplay/cdi_doaj_primary_oai_doaj_org_article_a8a23368c03d4fce874beadf51099ac4/41ILO_INST:41ILO_V1

<https://www.nature.com/articles/s41598-018-20616-6>

³ <https://osha.europa.eu/en/publications/exposure-carcinogens-and-work-related-cancer-review-assessment-methods>

⁴ Sama rannsókn og í FN 1



sem teljast samkvæmt vísindalegum niðurstöðum starfstengd séu verndaðir samkvæmt lögum þessum.

Á vegum LSS hefur um talsvert skeið verið starfandi Krabbameinsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með rannsóknum á málaflokknum á vísindasviðinu og gefið út leiðbeiningar til rekstraraðila slökkviliða um umgengni við búnað og fleira sem forvörn gegn starfstengdum krabbameinum.

Fulltrúar LSS eru reiðubúnir að hitta velferðarnefnd Alþingis til að kynna málið betur.

Virðingarfyllt,

Magnús Smári Smáráson, formaður